


Freysteinn Sigurðsson



Aðalsteinn
Sigurgeirsson



Einar Gunnarsson

Írlandsferðin

Á ferð um skóga eyjarinnar grænu

Hér segir af för íslenskra skógarmana til Írlands, haustið 2003.

Forspjall

Oft er haft á orði að margt sé líkt með Írum og Íslendingum, enda sýna nýlegar erfðarannsóknir að þjóðirnar eru náskyldar, einkum í kvenlegg. Samskipti þessara grann- og frændþjóða hafa þó ekki verið mikil síðan á landnámsöld. Bættar samgöngur milli landanna við norðanvert Atlantshaf, aukinn hagvöxtur, velmegun og styrking ferðabjónustu í þessum löndum mun án efa skila sér í auknum ferðalögum milli landanna tveggja. Helgarferðir til Dyflinnar hafa verið vinsælar undanfarin ár og ekki útilokað að sveitir Írlands verði vinsæll áfangastaður Íslendinga í framtíðinni. Í þessari grein verður fyrst og fremst fjallað um hinar afskekktari írsku sveitir, en minna um höfuðborgina, á bökkum árinnar Liffey,

sem af heimamönnum er ýmist kölluð Dublin (Dubh Linn = Myrkhyll; e. black pool) eða Baile Átha Cliath (= Grindavaðsborg; e. The City of the Ford of the Reed Hurdles). Uppgangur í frsku efnahagslifi hefur verið ævintýri líkastur á síðustu árum. Fyrir aðeins fimmtán árum var Írland meðal fátækstu ríkja Vestur-Evrópu, og einkenndist hagþróunin af stöðunum, fjöldatvinnuleysi og brottflutningi fólks. En nú eru frar orðnið öðrum Evrópuþjóðum fyrirmund, sem ein af ríkustu þjóðum Evrópu. Á sama tíma hefur verið að byggjast upp ný náttúruauðlind á Írlandi: skógurinn. Um aldamótin 1900 var Írland, líkt og Ísland, nánast skóglæst land með rétt um 1% af flatarmáli lands skógi vaxið. Nú er öldin önnur; flatarmál skóglendis hefur tilfaldast og skógurinn er tekinn að skapa auð og atvinnu í áður fátækum og dreifðum byggðum Írlands. Það er því ríkt tilefni til

bess fyrir Íslendinga að kynna sér skóga og skógræktarmál og sækja sér fyrirmundir hjá þessari frænbjóð á vesturjaðri Evrópu.

Skógræktarfélag Íslands og Landssamtök skógareigenda stóðu fyrir vikuferð til Írlands haustið 2003. Flogið var til Lundúna og þaðan til Dyflinnar sunnudaginn 28. september og til baka sömu leið viku síðar. Fimmtíu þátttakendur voru í ferðinni sem þótti takast mjög vel í alla staði. Undirbúningur ferðarinnar var að mestu unninn af starfsmönnum Skógræktarfélags Íslands og Noels Foley frá frisku skógarþjónustunni (e. Irish Forest Service), sem jafnframt var leiðsögumaður okkar fyrstu fjóra daga ferðarinnar.

Jarðfræði og vistfræði

Eylandið Írland er næstum eins stórt og Ísland (Írland er 84.000 km² en Ísland 103.000 km²). Peim er einnig líkt farið að snúa

langhliðinni á móti Atlants-hafinu, en á hana rignir mest. Það er að vísu vesturhlíðin á Írlandi en er suðurhlíðin á Íslandi. Lögun landanna er í mjög stórum dráttum ekki heldur ósvipuð en sá er munur á landslagi, að Ísland er að meginhluta hásléttu með láglendi við sjó en Írland er viðast sæbratt en láglent um miðbikið. Opið er austur úr, kringum Dyflinni, en þangað er líka styrt og beinast til og frá Englandi (t.d. Liverpool og Manchester) og hefur á síðari öldum verið þar mest umferð fólks á milli.

Fjöllin eru úr fornu fellingabergi, nokkur hundruð milljón ára gömlu, með granítinnskotum, einkum í Donegal og Wicklow-fjöllum. Um norðanvert landið eru fellingarnar frá svokölluðum kaledónskum fellingatíma (um 400 milljóna ára gamlar) og stefna suðvestur – norðaustur, en syðst á landinu eru þær frá variskiskum fellingatíma (um 300 milljón ára gamlar) og stefna vestur – austur. Fjöll, fjallgarðar og dalir fylgja þessum stefnum. Bergið í norðurfjöllunum er þétt, hart og kísilsýruríkt (gnæs, kvarsít, o.fl.) og því er jarðvegur þar víða ófrjósamur og vatn súrt. Meira er um kalkstein og flöguberg í dölunum í suðurfjöllunum, sem eru mun frjósamari. Kalksteinslög bekja stærstan hluta lágléttunnar í miðjunni, en yfir hana austan- og norðanverða hefur lagst þykkur jökulruðningur frá síðasta jökulskeiði. Er hann víða frjósamur á hæðum og hólum en oft blautt í dældunum.

Jöklar þöktu Írland suður undir suðurfjöllin á síðasta jökulskeiði, en í þau grófu þó falljöklar víða dalí (t.d. Glen-da-lough, Dal-tveggja-vatna) eða djúpar

flóðvatnarásir (t.d. f Djöfladal, Devils Glen, f Wicklow-fjöllum). Eftir að jöklarnir hopuðu fyrir 15.000 – 11.000 árum, lágu eftir malarásar (*esker* á írsku, alþjóðlegt jarðfræðiheiti) og drymlur (*drumlin*, einnig alþjóðlegt heiti), ávalar en oft hlíðbrattar setöldur, sérlega þétsætar í kringum Monaghan („Hólavellir“). Setja þær mikinn svip á þau heruð.

Fáar tegundir lífvera hjöruðu af fimbulkulda ísaldar, en meðal þeirra eru fáeinir tegundir, sem ekki er að finna annars austar í Evrópu. Gróður nam svo land frá Bretlandi og dýr í kjölfar hans, en landbrú var þá um Írlandshaf, sem mun hafa farið undir sæ nálægt 6000 árum f. Kr. Nokkur þúsund árum síðar opnaðist Ermarsund og eru því mun færri tegundir plantna og dýra á Írlandi en á Bretlandi, þar sem þær eru þó færri en á meginlandi Evrópu. Meðal annars eru engir höggormar á Írlandi, en þjóðsagan segir, að heilagur Patrekur hafi gjört þá brottræka þaðan. Trjágróður var einnig fáskráðugur vegna þess að landbrú vantaði á stórum hluta nútíma til búferla-flutninga margra trjátegunda. Einir, víðir og birki voru fyrst til að nema land á frjósamari stöðum. Hesli og skógarfura fylgdu í kjölfarið en það tók skógarfuruna 1000 ár að breiðast út frá suðvesturströndinni norður til Donegal. Eik og álmur náðu einnig að nema land áður en landbrúin sökk í sæ og urðu ríkjandi á frjósömu láglendi en fura og birki á rýru landi og hærra til fjalla. Írland var að mestu skógvaxið milli fjalls og fjöru, en hann skertist fljótlega af mannavöldum, eftir að akuryrkja og kvíkfjárrækt hófst og enn frekar á kultárimanum 1000 – 500 árum f. Kr. (svokölluð

járnaldaríssöld). Um svipað leyti hófu mórmýrar að breiðast yfir Írland vestan að og þöktu að lokum stóran hluta vestan- og norðanverðs landsins. Varð mórminn aðaleldsneytið í þeim landshlutum og víðar er skógararnir eyddust. Mórmýrar eru taldar ná litlum þroska, þar sem rignir minna en 1.000 mm/ári, sem er einkum um austan- og suðaustanvert landið. Um aldamótin 1600 er talið að 12% af flatarmáli Írlands hafi verið vaxið skógi. Tveimur oldum síðar var skógarþekjan komin niður í 2%, en um aldamótin 1900 var botn-inum náð, með aðeins 1% landsins vaxið skógi eða mis-illa fornnum skógarleifum. Þær skógarleifar var einkum að finna á vernduðum veiðilendum í eigu enska aðalsins. Veðurfari á Írlandi svipar um margt til Íslands, nema hvað ársmeðalhiti og meðalhiti flestra mánaða ársins er þar 4-5 °C hærri en hérlandis. Er vetrarhitin víða 5 – 7 °C en sumarhitin um 15 °C. Úrkamusamt er um vestanvert landið (víða 1.500 – 2.000 mm/ári) og stormasamt, en burrara (undir 800 – 1.000 mm/ári) og skýlla um austan- og suðaustanvert landið. Þar eru því bestu búsetuskilyrði, enda voru herragarðar enskra aðalsmanna flestir í þeim landshlutum og á lágléttunni um mitt land. Kotbændur, mæltir á gelísku, voru langflestir í bleytunni um vestanvert landið, en þar gætti kartöfluplágunnar 1846 – 1847 mest og verst. Fyrir þá plágu, árið 1840, var Írland eitt þéttbýlasta land Evrópu, með um 8 milljónir íbúa. Þá fellt úr hungri eða flyði land nærrí fjórðungur þjóðarinnar, og varð fólkfækkun af þessu hallæri mest í gelískumælandi byggðum á vesturströndinni.

Sagnfræði og þjóðfræði

Steinaldarmenn munu fyrst hafa komið til Írlands um 6.000 árum f. Kr. Þeir voru veiðimenn og sér þeirra lítil merki. Bændur munu svo hafa komið til landsins 3000 – 4000 árum f. Kr. og stundað frumstæða akuryrkju og kvíkfjárrækt. Fór þá fljóttlega að sjá á skógunum landsins. Er helst að ætla, að Írar séu flestir af því fólk komnir og ríkjandi yfirbragð þeirra, dökkbrúnt hár, blá eða mógrá augu og afburða fagrar konur (sem erföst til Íslendinga), sé frá því fólk. Nokkru seinna barst þangað „stórgýtismenning“ („Megalith-culture“) með stórgýtisgrófum og grafaugum miklum, m.a. hjá Tara, norðan Dyflinnar, þar sem síðar var helgisetur hákonunga fra (ard righ, ard ri). Er sá staður enn í svipuðum hávegum hjá mörgum frum og Þingvellir hjá okkur. Menningarmunur var nokkur milli norður- og norðvesturhluta landsins annars vegar og suðurhlutans hins vegar, sem gætti allt fram til 1600 e. Kr. Bronsöld hófst hjá frum 2500 – 2000 f. Kr. og stóð til um 500 f. Kr., þegar járnöld tók við. Voru á bronsöld gullaldir tvennar, fólkstaflegri merkingu, um 2000 og um 800 f. Kr., eins og sjá má á söfnum á Írlandi.

Keltar munu hafa komið til Írlands einhvern tíma á árunum 500 – 200 f. Kr., annars vegar til suðurhlutans um Wales frá Fraklandi (Gallíu á þeim tíma) og jafnvel frá Norður-Spáni (Íberíu), hins vegar frá Bretlandi til norðausturhlutans. Gæti forn heiti (Suður-) Írlands, Hibernia (sbr. Hibernians í Edinborg), dregið nafn af þessum „Íberisku“ innflyttendum, sem hafi flutt gelíkska tungu til landsins, en hún er svokölluð Q-keltneska, eins og

töluð var hjá Keltum á Spáni, a.m.k. sumum þjóðkvíslum. Hinir munu hafa talað „bresku“, P-keltneska tungu eins og í Wales, og voru kallaðir „Pretani“ af fornum höfundum en leifar þeirra „Cruithin“ á Írlandi eftir að gelískan varð allsráðandi þar. Írar eiga sér miklar fornaldarsögur, sem hefjast öðru hvorum megin við upphaf okkar tímatala og tengjast „Þjóð gyðjunnar Dönu“ (*Tuatha de Dana*), sem á að hafa komið til Írlands frá Skotlandi um þær mundir. Þeirrar þjóðar var svo lista- og fræðimannastétt Írlands (*aos dana*) fram á 18. og 19. öld, að ætla má, eða svo lengi sem gelísk tunga var ríkjandi á Írlandi.

Keltar voru hermenn miklir og delugjarnir og skiptist þjóðin í 150 – 160 „þjóðir“ (*tuatha*) undir sínum kóngi hver. Þær hópuðust svo saman í ýmis sambönd, sem hópuðust aftur saman í „fimm fimmtunga“ landsins (upphaflega fjórðunga), sem gætir í nöfnum og legu „provinces“ á Írlandi enn í dag: Munster (SV), Leinster (SA), Connacht (V, „Kunnaktir“ til forna á Íslensku), Ulster (NA, nú að mestu á Norður-Írlandi, „Úlastíri“ til forna), Meath (austur-miðja landsins). Yfir norður- og vesturhlutanum voru að nafninu til hákonungar, afkomendur „nú-gísla-Njáls“ (um 400 e. Kr.) fram til 1002, þegar Brian Boru varð hákonungur, sá er féll sigursæll við Clontarf („Bolavellir“) á páskadag, 23. apríl 1014, eins og frá segir í Njálu („Brjánn féll en hélt velli.“). Víkingar höfðu hafið komur sínar til Írlands kringum 800 og stofnudu þeir þar fyrstu borgir á Írlandi og ríki sín við árósa, þaðan sem sigla mátti inn til lands. Má þar nefna Waterford („Vatnsfjörð“), þar sem Suðurá (Suir) og Norðurá (Nore) koma

saman, Limerick („Hlymrek“) og Dublin (Dyflinni), þar sem ríki þeirra stóð til 1171 og þar líkist fólk enn Íslendingum í útliti. Deilur voru jafnan milli konunga þessara og smákonunga, sem urðu að lokum tilefni þess, að Englendingar tóku að hlutast til um innanríkismál fra og lenti landið árið 1171 undir Englands-konung, þó að ekki næðu Englendingar þar fullum völdum fyrr en á 17. öld.

Kristni tóku Írar á síðari hluta 5. aldar og þakka þeir það heilögum Patreki, sem nú er þjóðar-dýrlingur þeirra, og ártíð hans, Patreksmessu, 17. mars, er þjóðhátiðardagur þeirra. Írsk kristni var með nokkuð öðru móti um suma siði en Rómarkristni en mestu munaði, að biskupaveldi var þar minna, biskupsdæmi á reiki en einsetumenn og konur mjög áberandi þó oft byggju saman í kofaþyrpingum í klastrum. Var þar stunduð mikil menningariðja, sem breiddist þaðan víða um Mið- og Vestur-Evrópu. Hélst þessi skipan fram á 12. öld er þrepskiptu Rómarkirkjuvaldi var á komið á kirkjuþinginu í Kells 1152 og varð upp úr því aðskilnaður lærðra manna og leikra á Írlandi.

Ætla má, út frá nýlegum rannsóknum erfðafræðinga, að um þriðjungur landnámskarla og tveir þriðju hlutar landnámskvenna á Íslandi hafi komið frá Skotlandi og Írlandi. Margir þeirra sem norrænir voru að uppruna, munu hafa búið þar áður en þeir námu ný lönd í norðvestri. Hafa þeir líklega margir verið kristnir eða hálf-kristnir. Munu þeir ekki hafa verið útlokaðir frá völdum Íslenska samfélagsins, eins og oft hefur verið talið, heldur gerður kostur

að sverja við „Áss hinn almáttka“, sem var „leyninafn“ Guðs kristinna manna. Var og kristni komið á með lögum á Íslandi en ekki með ofbeldi eins og á Norðurlöndum. Hefur hún og haldist betur hér.

Minna mun gert úr írskum áhrifum í Íslendingabók og Landnámu en efni standa til, en á ritunartíma þeirra stóð hvað hæst valdabaráttá Rómarkirkjunnar á Írlandi og svipað brölt var í gangi á Íslandi, en Ari fróði mun hafa verið kirkjunnar þjónn og Skálholtsbiskupa. Örnefni fjölmörg eru að öllum líkendum gelísk að uppruna á Íslandi, þó í íslenskum búningi séu. Má þar nefna Beinageitarfjall (Beinn-na-geata, „Dyrfjöll“), Fáskrúð (Fa-sruth, „hjá Straumi“), Arnarbæli (Ard-na-baile, „Búðarhöfði“), Skeið og Skeiðará (Sgeidh, „flæðilönd“), Kollafjörð (Coill, „skógur“), Skorradal (Sgorr, „tindur“, „horn“) og Löginn (Lough, „stöðuvatn“). Huldufólk og vættum svipar hérleidis mun meira til frængarðs þeirra á Írlandi en norrænnar. Skáld voru Íslendingar langt umfram aðrar norrænar þjóðir, og fræðimenn, en söngmenn miklu fleiri að hlutfalli í seinni tíð. Svipar þeim um allt þetta til Íslands. Skyldleiki Íslendinga og fra virðist því ekki aðeins erfðafræðilegur, heldur einnig andlegur. Hér eiga því vel við orð Sigurðar A. Magnússonar:

„Það hefur löngum vakið undrun norrænnar gesta hve frábrugðnir í öllu dagfari og hugsunarhætti Íslendingar eru frændum sínum á Norðurlöndunum. Að hinu leytinu er það segin saga, að hvenær sem Íslands og Íslendingar koma saman er sem ættmenn séu að hittast eftir langan aðskilnað.“

Írland okkar tíma

EKKI SKAL HÉR RAKIN SORGARSAGAN AF YFIRGANGI OG SVIKUM ENGLENDINGA, ARÐRÁNI, ILLVIRKJUM OG NIÐINGSHÆTTI, MEÐAN ÞEIR RéÐU YFIR ÍRUM. Megum við þakka fyrir Dani í þeim samanburði. Athyglisvert er, að bera saman nokkur ártöl í frelsisskerðingu og frelsisbaráttu beggja þjóðanna.

Einokunarverslun Dana hófst á Íslandi 1603 en á Írlandi lauk andspyrnu hins forna gelíská veldis 1607 með „flóttu jarlanna“ (flight of the earls, af Tyrone og Tirconnell, O’Neill og O’Donnell) og 90 – 100 ættarhöfingja með þeim til Spánar. Eftir það hófst, með eignaupptökum, skoskt landnám á Norður-Írlandi, sem er nú undirrót ófriðarins þar.

Kúgun Íra var alger á 18. öld og þing þeirra og land sameinað í **U(nited) K(ingdom of G(reat) B(ritain) (and Ireland)** 1801, ári seinni en Alþingi á Pingvöllum var aflagt hér. Frelsisbaráttan eflist svo fram eftir 19. öld og Írland varð „fríríki“ (eins konar samveldisland) 1922, en Íslendingar fengu fullveldi 1918. Írland varð svo sjálfstætt lýðveldi 1949 en Ísland 1944 og gætir áhrifa heimsstyrjaldanna beggja á yfirráðaþjóðirnar í ársetningum þessum öllum.

Eftir sjálfstæði Íslands við áratugir af lánleysi, verndarstefnu og vannýttum tækifærum í efnahagslegu tilliti, sem leiddu til langvarandi fáttækta, stöðununar og fjöldabrottflutnings. Flutningur fólks frá Írlandi gekk svo langt árið 1987 að gárungarnir í Dyflinni höfðu að orði: „Vill síðasti Írinn vera svo vænn að slökva á eftir sér þegar hann fer?“ Vendipunkturinn varð fáum síðar, þegar efnahagslegur

skópunarkraftur þjóðarinnar leystist loks úr læðingi. Þá tók allt að ganga frum í haginn og enn sér ekki fyrir endann á þeim uppgangi.

Skógarinnar í Írland

Fyrir réttri öld hefst saga írskrar skógræktar. Í októbermánuði árið 1904 kaupir írskra ríkið landareign í Wicklow-sýslu (Avondale), setur þar á stofn fyrsta skógræktarskóla landsins og þar hefjast síðan fyrstu tilraunir með ræktun fjölmargra trjátegunda úr öllum heimshornum sem áður voru óþekktar á Írlandi. Í Avondale var rekinn skógræktarskóli allt fram á sjöunda áratuginn. Líkt og f öðrum Evrópulöndum verður til ríkisstofnun, „írskra skógarþjónustan“ (Irish Forest Service), sem hefur margþættu hlutverki að gegna í skógræktinni. Í starfi írsku skógarþjónustunnar var lengst af lögð öll áhersla á nytjaskógrækt, enda var það stefna hins nýja lýðveldis að vera sjálfum sér nægt um viðarafurðir. Áður höfðu einstaka auðmenn og landeigendur látið til sín taka á landareignum sínum. Eftir seinni heimsstyrjöldina stóriðkst umfang skógræktarstarfsins og mörkuðu stjórnvöld skýra stefnu um stóraunkna skógrækt, undir forystu stjórnmalamannsins (og friðarverðlaunahafa Nobels árið 1974) Seán MacBride. Árið 1950 er gróðursett í 3200 ha. Árið 1964 verður opinbert markmið stjórnvalda að gróðursetja skuli í 10 þúsund ha árlega næstu 40 árin. Það gekk eftir og gott betur, með því að skógarþjónustan keypti lönd og gróðursetti í þau skóg. Við inngöngu Írlands í Evrópusambandið árið 1972 breyttust áherslur. Bændum og landeigendum buðust nú styrkir til breytrar landnýtingar og hófst með því skógrækt á landi í

einkaeign. Nú er svo komið að ræktun nýrra skóga fer alfarið fram á löndum einkaaðila. Skógarþjónustunni var skipt upp árið 1988; annars vegar í stjórnsýslustofnun (Irish Forest Service) og hins vegar í fyrtækni í rkiseign (Coillte teoranta) sem ætlað er að annast rekstur rkisskóga og skila eiganda sínum hagnaði. Skógarmál heyrðu þar til um áramótin 2003-2004 undir „ráðuneyti fjarskipta, sjávarútvegs og náttúruauðlinda“ (Department of the Communications, Marine and Natural Resources, en færðust þá undir landbúnaðar- og matvælaráðuneytið (Department of Agriculture and Food).

Vegna takmarkaðs tegundavals í innlendu flórunni, veðurfars, jarðvegsaðstæðna og sögu rányrkju skóga í árbúsundir, byggir írsk nytjaskógrækt aðallega á innfluttmum tegundum.

Mikilvægustu trjátegundir til nytjaskógræktar eru upprunnar á vesturströnd Norður-Ameríku og ber sitkagreni (*Picea sitchensis* (Bong.) Carr.) höfuð og herðar yfir aðrar trjátegundir hvað efna-

hagslegt mikilvægi snertir. Á árunum 1996-2003 voru árlega gróðursettir 14.000 ha af nýjum skógi, sem er meira en tifalt herra flatarmál en nam árlegri nýgróðursetningu á Íslandi á sama árabili, en stjórnvöld hafa sett sér markmiðið að hækka þessa tölu í 20.000 ha. Þetta markmið er sett með tilliti til þess að í framtíðinni megi ná betri stærðarhagkvæmni í úrvinnslu viðarafurða. Nú er skógarþekja Íslands tæplega 10% og stefna stjórnvalda er að ná 17% skógbekju fyrir árið 2030.

Barrskógor þekur nú um 80% af flatarmáli núverandi skóga, blandskógar um 10% en lauf- og hálfnáttúrulegar skógarleifar vaxa á þeim 10% sem eftir standa. Skógrækt er vaxandi atvinnugrein á Íslandi. Talið er að um 3780 manns starfi við ræktun, umhirðu og fellingu skóga og 6000 manns starfi við úrvinnslu ðina. Jafnframt er talið að hver fimm störf í greininni skapi þrjú afleidd störf annars staðar í hagkerfinu. Skógarnytjar fara vaxandi og nú er skógor rjóðurfelldur á um 6000 ha á ári.

Hin síðari ár er aukin áhersla lögð á að taka tillit til annarra umhverfissjónarmiða og fjl-breytileika við ræktun og nýtingu skóga og er unnið eftir leiðbeiningareglum þar um; „Code of Best Forest Practice“, sem hlutið hafa opinberan stimpil og taka á flestum þáttum. Jafnframt er aukin áhersla lögð á skógrækt til landbóta, útvistar og vistfræðilegar þjónustu, sem og til kolefnisbindingar, sem mótvægisáðgerð gegn gróðurhúsa-áhrifum. Ískum nýskógum er með öðrum orðum ekki aðeins ætlað það hlutverk að vera uppsprettu efnislegra hráefna fyrir iðnaðarframleiðslu, heldur einnig ætlað að bæta velferð og hollstu manna og til verndar líffríki.

Ferðasaga

Á Dyflinnarflugvelli tekur bílstjóri okkar, Danny Costello, á móti okkur og haldið er til norðurs og inn til landsins. Segir ekki frekar af ferðum hópsins fyrr en á mánudagsmorgni. Noel Foley kemur til móts við hópinn á hótelí okkar í bænum Monaghan, í samnefndu héraði, sem er nyrst


Helstu trjátegundir í ræktun; Barrtré

- sitkagreni (*Picea sitchensis*)
- statafura (*Pinus contorta*)
- Douglasgreni (*Pseudotsuga menziesii*)
- skógartura (*Pinus sylvestris*)
- marþoll (*Tsuga heterophylla*)
- Kymrahafslíviður (*Thuja occidentalis*)
- ivibur (*Taxus baccata*)



Helstu trjátegundir í ræktun Lauftré

- Askur (*Fraxinus excelsior*)
- Beyki (*Fagus sylvatica*)
- Birki (*Betula pubescens* og *B. pendula*)
- Eik (*Quercus petraea* og *Q. robur*)
- Reynir (*Sorbus aucuparia*)
- Kastania (*Castanea sativa*)
- Garðahlynur (*Acer pseudoplatanus*)





Leiðsogumaður okkar Noel Foley heldur á súrsmæru, *Oxalis acetocella*. Þarna útskýrir hann fyrir okkur þá kenningu að þjóðartákn Íra, smárablaðið, hafi í upphafi verið súrsmærublað sem heilagur Patrekur notaði við að gera hinum heiðnu frum grein fyrir eðli heilagrar brenningar. Súrsmæran var mun algengari fyrrum, þegar Írland var að mestu skógi vaxið. Noel reyndist ókcur í alla stadi vel og viða hafði sýnilega verið lagt í talsverðan undirbúnung vegna heimsóknar niðja norrænna víkinga og írskra kvenna til „gamla landsins“.

og umlukið Norður-Írlandi á þrjá vegu. Monaghan tilheyrir Ulster-fylki sem frá fornari fari er skipt í níu héruð. Norður-Írland samanstendur af sex Ulsterhéruðum, en Monaghan, Cavan og Donegal eru hluti af írskra lýðveldinu. Sagt er að fáir leggi leið sína til Monaghan sem um aldir hefur verið fátækt landbúnaðarhérað. Héraðið hefur þó alið af sér eitt þekktasta skáld og rithöfund Íra (Patrick Kavanagh, 1904-67), og státar af mikilli náttúrufegurð. Landslagið einkennist af malarásum og öldum.

Mánudagur 29. september

Fyrsta skoðunarferð okkar var um „Rossmore Forest Park“ þar sem er að finna mörg áhugaverðustu tré á Írlandi. Rossmoreskógr



Anna Margrét Ellertsdóttir og Margrét Guðjónsdóttir standa hér undir liðlega 30 m háum rauðviðum (*Sequoia gigantea*), einu af mörgum staðilegum trjám í Rossmore-trjágarðinum. Lækjalyngróss, *Rhododendron ponticum*, þekur skógarbotninn.

(320 ha að flatarmáli) er um þrjá kflómetra suðvestur af bænum Monaghan. Skógrinn er á landi sem áður tilheyroi baróninum af Rossmore, en sá sem fyrstur bar þá nafnbót var Robert Cunningham þingmaður fyrir Monaghan. Barónsdæmið var stofnað árið 1769. Á landareigninni stóð kastali Rossmorefjölskyldunnar en hann var yfirgefinn í frelsisstríði Írlands 1919-1921. Talið er að írski lýðveldis-

herinn (IRA) hafi kveikt í kastalanum og var hann rifinn árið 1974 en eftir stendur grunnur hans. Rossmorefjölskyldan safnaði að sér fjölmörgum trjátegundum frá öllum heims-hornum og meðan skógrinn var í eigu ættarinnar var hirt um hann eins og skrúðgarð. Írskar ríkið keypti landið um miðbik síðustu aldar og er skógrinn nú í umsjá Coillte, ríkisfyrirtækisins sem annast rekstur skóga í ríkis-



Útsýnið frá rástum Rossmorekastala talar fyrir sig.

eign. Algengt var að enski aðallinn stundaði skógrækt og trjáraækt á hernum dum landareignum sínum á meðan frskur almenningur svalt á þaulsetnu og þrautbitnu landi. Það er því ekki að undra að frar hafi lengi litið skóga og skógrækt hornauga, og litið á sem táknumynd kúgunar og misréttis, en að sögn heimamanna eimir enn eftir af sílum viðhorfum hjá sumum frskum bændum. Þetta hefur þó breyst eftir að farið var að styrkja bændur og landeigendur til þess að rækta skóg.

Skógurinn er opinn til útvistar en einnig nýttur sem nytjaskógor. Skógurinn er grisjaður og þar stundað takmarkað skógarhögg. Í stað rjóðurfellingar er eitt og eitt tré fellt. Trjábolirnir eru seldir á rafrænum upphoðum og féð sem fæst fyrir þá notað til umhirðu og viðhalds garðsins. Um svæðið liggja nokkrir kílómetrar af göngustígum og þar er að finna borð og bekki og góðar merkingar.

Frá Rossmore var haldið til Norður-Írlands og Gortin Glen skógar í Tyronehéraði heimsóttur. Engin sjáanleg landamæri eru lengur milli frska lýðveldisins og Norður-Írlands og ekkert eftirlit á landamærunum. Tíu árum fyrr hefði verið tekið á móti okkur með brynvörðum Landroverum og breskir hermenn, gráir fyrir járnnum hefðu grandskoðað rútuna. Ekið var norðvestur til bæjarins Omagh og þaðan í norðaustur til Gortin Glen skógar, sem er í um 9 kílómetra fjarlægð frá Omagh. Þessi útvistarskógor var opnaður formlega árið 1967 og er annar skógurinn sem opnaður var á Norður-Írlandi. Síðan hafa a.m.k. 12 útvistarskógar verið opnaðir þar en á Írlandi öllu er fjöldinn allur af skógum opnir almenningu. Á þessu svæði var fyrir skógor, sem hét Lislap og var hreinn nytjaskógor með barrtrjám. Alls þekur Gortin Glen skógor 1534 hektara en þar af er útvistarskógorinn 405 hektarar að flatarmáli. Þar gefur að líta

fjölmargar trjátegundir, aðallega barrtré en einnig lauftré. Í Gortin Glen er landslag stórbrotið með bröttum hlíðum, malarásum, votlendum lægðum og lækjum og ám. Staðsetning skógarins var sérstaklega hugsuð til að þjóna héraðunum Tyrone, Fermanagh og Derry. Í skóginum er rekið fræðasetur, sem er mikið sótt af skólanemum. Á hverju ári borga sig inn á fræðasetrið um 10 þúsund manns sem er hrein viðbót við skipulagðar heimsóknir skólanema. Um skóginn liggja 5 meginstígar og m.a. einn sem liggur að svæði fyrir villt dýr. Þarna eru einnig reið- og fjalla-hjólastígar. Auk upprunalega krónhjartarins getur að líta japanskættaða sikahjartardýrið og hafa heimamenn nokkrar áhyggjur af blöndun þessara hjartardýrategunda.

Einnig er þar að finna bæði rauðan (*Sciurus vulgaris*) og gráan skorna (*Sciurus carolinensis*). Sú fyrri nefnda er innlend en sí síðarnefnda amerísk tegund sem sýnir mikla aðlögunarhæfileika og hefur lagt undir sig æ stærri skerf af búsvæðum rauða skornans.

Í skóginum er landsvæði, sem liggur nokkuð hátt uppi, og er viðhaldið sem trjálausri lyngheiði. Þetta land er að mestu vaxið þéttu beitilyngi og öðrum beitar- og heiðagróðri. Starfsmenn skógræktarinnar fara um svæðið á nokkurra ára fresti og rífa upp allar sjálfsánar sitkagreniplöntur sem þeir sjá.

Nytjaskógar eingarnir samanstanda að mestu af sitkagreni, með ívafi stafafuru sem hefur verið gróðursett þétt.

Gróðursetning stafafuru miðar að því að hvetja vöxt sitkagrenis en furan lætur smám saman undan í



Á Norður-Írlandi. Góða dembu gerði þegar við komum til Gortin Glen og buðu forsvarsmenn Norður-frsku skógstjórnarinnar okkur til stofu meðan snætt var nesti við arineld og fræðst um skógræktarmál og skóginn í Gortin Glen.



Sikahind í Gortin Glen. Dýrin leituðu skjóls undir þaki sitkagreniskógarins.



Rauðíkorni klifrar í tré í Gortin Glen. Spurning hvort Ísland geti orðið griðland rauða íkornans?
Mynd: Gísli Karel Halldórsson.



Gengið um Glenveagh þjóðgarðinn. Á móti norðvestri eru leifar af eikarskógi en annars er beitarlandslagið áberandi og ekki framandi okkur Íslendingum. GSM samband var viða gott, þó í óbyggðum væri.

samkeppni við grenið og eftir standa beinvaxnir og kvistlitlir bolir sitkagrenisins. Víða var sitkagreniskógarinn afar þéttur og víða þörf á grisjun. Frá Gortin Glen var ekið vestur á bóginn yfir landamæri írska lýðveldisins til Donegalhéraðs á norðvesturodda Írlands. Það var komið kvöld þegar komið var í bæinn Ballybofey, sem hugsanlega mætti þýða á íslensku sem bófabæli, en mun þýða Hrafnskúahólmabær. Þar gisti hópurinn í góðu yfirlæti næstu tvær nætur. Atlantshafið og vesturhérud Norður-Írlands umlykja Donegal en örmjótt haft milli hafs og innssjávarins Lough Lower tengja Donegal við írska lýðveldið.

Þriðjudagurinn 30. september

Ekið var áleiðis til Glenveagh National Park og komið við í Letterkenny, heimabæ Noels, fararstjóra okkar. Í bænum eru 30.000 fþúar og hefur hann stækkað mikið á undanförnum árum. Meginatvinnuvegir eru framleiðsla vefnaðarvöru og sjúkravöru (medical supplies). Auk þess hefur tækniháskóli og stjórnsýsla af ýmsum toga stuðlað að fjölgun bæjarbúa.


Ekið var inn í Glenveagh-þjóðgarðinn að Glenveagh-kastala sem liggur við mynni þróngs V-laga dals. Þaðan eftir þróngum slóða inn með vatninu Beagh við rætur brattrar hlíðar sem vaxin var hálfnáttúrulegum eikarskógi. Þegar horft var yfir vatnið blasti við beitarlandslag, skóglaus en allvel gróin hlíð. Þetta er tilkomumikið landslag og ekki spillti fyrir að hópurinn fékk að ganga til baka nokkura kílómetra leið að kastalanum þar sem snæddur var hádegisverður. Frá þjóðgarðinum var haldið

áleiðis til „Ards Forest Park“ við Sheep Haven flóa. Á leiðinni var staðnæmst við rætur fjallsins Errigal og horft yfir Glentornan og fræðst um staðinn og skóginn þar. Á svæðinu er vatn sem miklar sögusagnir hafa spunnist um, vegna nafngiftar. Það heitir Eitraðavatn (gel.: An Gleann Nimhe, e.; The Poisoned Glen). Ein sagan hljómar nokkuð kunnuglega í eyrum Íslendinga. En þannig var að eineygði risinn Balor var veginn af tengdasyni sínum, Lughaidh, sem gerður hafði verið útlægur. Eitur úr auga Balor gerði skarð f fjallið og rann síðan út og f vatnið. Hefur það verið eitrað æ síðan. Ótal slíkar sögur hafa lifað með frum enda sagnamenn miklir.

Síðasta skoðunarferð dagsins var heimsókn til feöganna og skógarbændanna Doherty. Sonurinn, sem vinnur í tölvugeiranum, hafði eignast landið en faðirinn Neil sem tók á móti okkur sér um skógræktina. Þeir lögðu mesta áherslu á ræktun á laufskógi, einkum eik, en einnig mátti sjá birki, ask, garðahlyn (til að hafa fallega haustliti), villiepli (crabapple), rósir, skógartopp, skógarfuru, lerki, rauða eik, hestakastaníu, spænska kastaníu, broddhlyn, fuglakirsuperjatré, hesli, beyki, ítalskan öl og rauðöl. Véltækt land var plægt og gróðursett í plögstrenginn með um 1,8 m millibili. Leitast var við að fella skóginn vel að landslagi með því að hafa útjaðra, plægingar og vegi hlykkjóttu. Áburðargjöf fólst aðallega í dreifingu hráfosfats en þó var landið frekar rýrt fyrir lauftré eftir langvarandi beit. Gert var ráð fyrir alltíðum grisjunum. Lotulengd er talin vera um 80 ár en um 150 ár fyrir eik. Írska ríkið



Veiðimenn við Beagh-vatn.



Svipmikil eik við Beagh-vatn.



Gardur Glenveagh-kastala.

Glenveagh National Park

Brot úr dagbók Ragnhildar Freysteinsdóttur:

„Þjóðgarðurinn er um 14 þús. ha að stærð og þangað koma um 80-100 þúsund gestir á ári. Nafnið útleggst sem Birkidalur (glen=dalur og veagh=birki, samanber Végeirsstaðir eða Veigarstaðir í Fnjóskadal, innskot höfunda). Þjóðgarðurinn er staðsettur í heiðalandi (moorland). Í garðinum er Glenveagh kastali, sem byggður var um miðja 19. öld af John George Adair. Hans er helst minnst fyrir að hafa rekið alla leiguliða (244, innskot höfunda) af landi sínu með valdi eftir morð á einum af ráðsmönnum hans árið 1861. Hóf hann því næst stórfellda sauðfjárrækt á landareigninni en á þeim tíma var hún arðbærari en tekjur af leiguliðum. Hrökkluðust flestir leiguliðanna til Ástralíu en hratt gekk á skógin og gróðurlendið. Síðar flutti hann til Bandaríkjanna en kona hans Cornelia skildi eftir sig mun ánægjulegri minningu því hún flutti aftur til Glenveagh eftir látt eiginmanns síns og létt gera sérlega glæsilegan 11 hektara skrúðgarð umhverfis kastalann. Hún stóð einnig fyrir innflutningi á krónhjörtum sem á þeim tíma voru einu dýr slískrar tegundar í norðurhluta Írlands, en þau sluppu seinna út og hafa dreift sér víða um Írland. Í þjóðgarðinum er nú stærsta hjörð rauðra hjarta á Írlandi og er áætlað að hjörðin telji um 600 dýr. Einnig er sagt að fruin hafi flutt inn lækjarlyngró (Rhododendron ponticum). Lyngrósin hefur dreifst út og þekur nú skógarbotninn sem hindrar eðlilega endurnýjun skógarins. Það er helsta ástæða þess að litið er á lyngrósem þessa sem örzungu plágum Írlands“.

Eftir dularfullt hvarf næsta eiganda Glenveagh var „kastalinn hertekinn af IRA en árið 1937 keypti hann amerískur milljónamæringur að nafni McIlhenny, sem hafði orðið rískur á framleiðslu tabasco-sósu. Hann seldi frsku ríksisstjórninni landið og gaf síðar kastalann og kastalaskrúðgarðinn. Þjóðgarðurinn var stofnaður árið 1985“.

Landið innan þjóðgarðsins er býsna fjölbreytt. Fjöll og þróngir dalir með ávöldum ásum inn á milli og talsvert um vötn. Derryveagh-fjöllin (Eikarbirkifjöll), víða um 650 m há, liggja eins og strandlínan til norðausturs og skýla fyrir hafáttinni. Gróðurinn einkennist af heiðagróðri nema þar sem skógarleifar eru. Finna má eikar- og furuskóga sem kalla má upprunalega (native) en skógarhöggi og beit hefur þó mótað þá sterkt og þykja þeir bera vitni um „lifun hinna vanhæfustu“ (e., „survival of the un-fittest“), þar sem bestu trén urðu jafnan öxinni að bráð. Tvö mál eru fyrirferðarmikil við umsjón þjóðgarðsins:

1) „Að hafa stjórni á lyngrósinni“. Lyngrósi vex út um allt og upp um allar hlíðar. Aðgerðir miða að því að halda aftur af henni með því að klippa rósina fyrst og eitra svo með örgresiseyðingarálfjum stuttu seinna. Þessar aðgerðir eru kostnaðarsamar, en á 10 árum hefur 2 milljónum evra verið varið í að eyða lyngrósi á 20% svæðis. Lyngrósin er erfið viðureignar, því þótt fræin séu skammlíf, eru þau létt og geta því dreifst víða.

2) Beitarstjórnun. Beit sauðfjár hefur dregist mjög saman en til að halda hinni innlendu grastegund „purple moor grass“ (*Molinia caerulea* L.) Moench) þarf að nýta sérstaka stofna sauðfjár til þess arna, þar sem fáar gerðir sauðfjár geta lagt sér grasið til munns. Einnig þarf að girða af tiltekin svæði til að koma í veg fyrir beit og hjálpa vissum trjátengendum, sérstaklega eik, að endurnýja sig með sjálfsáningu (í bland við eyðingu lyngrósa). Til að hjálpa enn frekar eru svín nýtt sem náttúrleg jarðvinnslutæki“.

Þessi tvö meginmál eru almenn vandamál í skógrækt á Írlandi, en aðeins 70-80 þúsund ha flokkast sem upprunalegur skógur (native forest) á Írlandi (af heildarstærð skóglendis upp á um 700 þúsund ha). Upprunalegur skógur er í flestum tilvikum „hálf-upprunalegur“ (semi-natural) og er í hættu vegna beitarálags og útbreiðslu lyngrósa“.



Geliskumaelandi bær, Glentoran, við vatnið Lough Nacung. Heimamenn sögðu frá því að mótmælendakirkjan á myndinni hefði verið brennd á áttunda áratugnum. Svæðið er mikilvægt vegna náttúrufars og sögu. Bak við myndavélina er fjall Errigal sem er hæsta fjall Donegal 750 m y.s. Svæðið er vinsælt útvistarsvæði. Lengst til vinstrí er um 400 ha sitkagrenishógar. Ætlunin er að forma betur útlínur skógarins og auka fjölbreytni hans. Ástæða reglulegrar lögunar skógarins er sú að girða þurfi svæðið af og gróðursett var horn í horn án tillits til landslags. Þegar selja á timbrið úr skóginum gera stórir sólauðilar timburafurða krófu um að það sé vottalað af Forest Stewardship Council, alþjóðlegri vottunarstofu. Til þess að fá þá vottun þarf að gróðursetja lauðré meðfram lækjum og í jaðra. Jafnframt er krafa gerð um að opin svæði þeki um fjórðung svæðisins. Þannig að að viðhalda og eftirlitsmanna skógarþjónustunnar.

greiðir út styrki til bænda í skógrækt og fá þeir t.d. $\frac{3}{4}$ af kostnaði við gróðursetningu greiddan á framkvæmdaárinu en $\frac{1}{4}$ eftir fjögur ár ef svæðið hefur fengið jákvæða umsögn eftirlitsmanna skógarþjónustunnar. Bændur fá einnig greiðslur í 20 ár frá gróðursetningu, einhvers konar bætur fyrir að taka landið úr hefðbundinni landbúnaðarframleiðslu. Evrópusambandið leggur til helming þess fíjar sem varið er til bændaskógræktar á móti írska ríkissjóðnum og eru það jafnan írsku fjárlögin sem takmarka fjármagnið. Bætur eru misháar eftir því hvernig skógrækt er verið að rækta. Mest er greitt fyrir eikarskógrækt en minnst fyrir sitkagreni. Þannig er reynt að stýra skógræktinni með fjárhagslegum hvötum, eftir því hvernig pólitískir vindar blása í samfélagini.



Hjá Neil Doherty laufskógarbóna. Mynd: Gísli Karel Halldórsson.



Neil Doherty fyrir miðri mynd fræðir okkur um skógrækt þeirra feðga.
Mynd: Gísli Karel Halldórsson.

Miðvikudagur 1. október

Dagskráin hófst á kynnisferð um Killygordon-gróðrarstöðina sem er í eigu Coillte. Stöðin framleiðir árlega um 6 – 7 milljónir skógarplantna og er eingöngu með berrótarplöntur. Mest er framleitt af sitkagreni en einnig er framleidd stafafura, lerki, birki, beyki, ilmreynir og garðaþyrnir. Öll framleiðslan fer fram úti undir beru lofti, fyrst í sáðbeðum og síðan er priklað úti dreifsetningarbeð. Stöðin er um 50 ha að flatarmáli auk um 20 ha leigulanda. Framleiðslan fer aðallega til ríkkisskógganna en einnig til útflutnings.



Sáðbeð í gróðrarstöðinni Killygorden.



Noel Smith gróðrarstöðvarstjóri með berrótarplöntu af sitkagreni (2/2) tilbúna til afhendingar.

Mynd: Gísli Karel Halldórsson.

Aðalgróðursetningartíminn er að hausti og vetri enda frýs jörð varla á Írlandi nema þá helst stuttan tíma í janúar.

Næst var farið í heimsókn til hjónanna Ray og Lis Sheppard sem eru laufskógarbændur af hugsjón. Ray er náttúrufræðingur sem okkur var sagt að væri fjölfróður um flesta hluti. Það leyndi sér ekki að þau voru í skógrækt fyrst og fremst af hugsjón og brennandi landbótaáhuga og vildu þau endurskapa skógarvistkerfi sem líkast því sem ríkti á Írlandi fyrir röskun mannsins. Aukinn lífbreytileiki, ekki síst fuglalífs, var meðal helstu áhugamála þeirra. Sögðust þau merkja talsverða fjölgun fugla á landareigninni og að nýjar tegundir hefðu tekið sér bólfestu. Þeim hafði verið sagt að ekki þýddi að rækta eik til að njóta í lifanda lífi en gátu stolt sýnt okkur eikarteig með 13 m yfirhæð eftir 23 ár. Grisjun virtist þó vera nokkuð framandi þessum elskulegu hjónum sem þó voru farin að þreifa fyrir sér með vali á lífstrjám.

Næst var tekið hús á John Jackson skógarbóna. Hann hafði áður stundað hefðbundinn landbúnað en seldi jörðina og keypti 44 ha land til skógræktar á um 14 milljónir kr. og gerðist skógarbóni árið 1995. Honum reiknaðist til að hann hefði fengið 88 þúsund evrur í ræktunarstyrk sem samsvarar um 175 þúsund kr. á ha. Auk þess fær hann um eina milljón kr. árlega í 20 ár fyrir að rækta skóg á þessari spildu. Hann ræktar bæði sitkagreni og lauftré og lítur ekki síst til þess að skógurinn gefur aukna möguleika á veiði, einkum hjartardýra sem hann hefur mikil dálæti á þótt þau skemmi eitt og eitt tré enda lítil fórn þegar svo góð veiðibráð er annars vegar.

Frá John Jackson var ekið suður með vesturströndinni í átt til hafnarbæjarins Sligo (Skeljaá) í samnefndu héraði. Þar var gist aðfaranótt fimmtudags. Á leiðinni var gert stutt stopp við gróf eins ástsælasta skálds frá, William Butler Yeats (1865-1939) í Drumcliffe. Yeats varð þingmaður við stofnun írska lýðveldisins 1922 og handhafi bókmenntaverðlauna Nóbels ári síðar. Þegar hann var 37 ára hitti hann sér mun yngri rithöfund, James Joyce, sem sagði við það tækifæri að fundum þeirra bæri of seint saman til að hann gætti bætt Yeats sem rithöfund! Dæmigerður tvíræður írskur húmor með vott af sjálfhælni.

Fimmtudagur 2. október

Dagurinn hófst á skoðunarferð um skógarhöggsvæðið Union Wood, skammt suðvestur af Sligobæ. Leiðsögumenn okkar voru Pat O’Malley, Paul Jordan og John Higgins. Til skógarins var



Margrét Guðmundsdóttir og Hólmfríður Finnborgadóttir glaðbeittar í 13 ára gömlum birkiteigi Sheppardhljóna.



Héðan hefur John Jackson að eigin sögn fellt hjartartarf á 180 yarda fær.



Ungskógur John Jacksons tryggir honum árlegar tekjur í 20 ár frá gróðursetningu. Hann hefur nú keypt 200 ha lands til viðbótar og hafið þar skógrækt.



Ritari dagsins, Sigvaldi Ásgeirsson, í hópi góðra vina á vettvangi skógarhöggs. Allir fengu úthlutað hjálum og sett var nálgunarbann á skógarhöggsvélar. Írar hafa tekið upp þann sið að fara í mál við landeigendur og krefjast bóta verði heir fyrir minnsta hnjasí og hefur það sín áhrif á frjálsan aðgang um landareignir og skóga. Mynd: Gísli Karel Halldórsson.

stofnað árið 1941 af skógarþjónustunni en svæðið heyrði nú undir „Coillte“. Gróðursett hafði verið í 350 ha, mest sitkagreni í röku móleni. „Coillte harvesting“ hefur umsjón með skógarhöggi ríkisskóganna, en verktakar annast sjálfst skógarhöggið. Bolviðurinn er yfirleitt seldur á rafrænu uppboði, ýmist á rót eða fellt, flokkað og komið að skógarvegi. Frá Coillte fara um þrjár milljónir rúmmetra af bolvið á ári.

Fer það einkum eftir gildleika timbursins hvor leiðin er valin og er þá fremur selt á fæti, ef timbrið er gildvaxið. Við grisjun er timbrið því yfirleitt selt við veg, en á rót við rjóðurfellingu. Nú átti að fella 13,5 ha og reiknað var með að til féllu um 5000 m³ af bolvið, aðallega sitkagreni en einnig skógarfura og stafafura. Ef rjóðurfellt er stærra svæði en 25 ha þarf sérstakt leyfi. Hér þurfti þó slíkt leyfi vegna nálægðar við stöðuvatn. Leyfið er yfirleitt háð

vissum skilyrðum sem taka mið af verndun lífríkis og búsvæða auk þess sem reynt er að hlífa jöðrum meðfram ám, lækjum og vötnum til að hindra útskolu næringarefna. Þá er þess oft krafist að tiltekinn fjöldi trjáa sé skilinn eftir og jafnvel samfelldir skógarsteigar. Einnig þarf að gera og framfylgja áætlun um

endurnýjun skógarins og stundum er gerð krafa um ákveðið hlutfall laufskógar.

Enn var haldið til suðvesturs og skoðuð bændaskógrækt í Moytira.

„Landareignir hér eru smáar og púsluspil að raða þeim saman svo skógarsvæðin nái t.d. 20 ha stærð, sem telst vera þokkalega hagkvæm eining. Yfirleitt er gróðursett norðan í drymlurnar og í mýrarnar milli þeirra, enda eru þetta rýrustu svæðin og ekki nýtt til annars búskapar. Toppar drymlanna eru yfirleitt of rýr til skógræktar, þótt stundum sé gróðursett þar líka!“.

„Að lokum var staðnæmst við sitkagreni, sem var gróðursett árið 1986. Úrkoma er 1500 mm á ári og framleiðslugetan 26 m³/ha á ári, sem er með því allra besta, sem gerist á Írlandi. Sett voru 2.500 stk. á ha af sitkagreninu. Á svæði við hlið sitkagrenisins höfðu lauftré (aðallega eik) verið gróðursett fyrir örfáum árum. Þar var sett þéttar eða 3700 plöntur/ha og voru þar einnig í



Fagurt var um að lítla frá Moytira-landareigninni.

bland skógarfura og sifjalerki milli eikarraða. Barrtrjánum er ætlað að greinahreinsa eikina. Eikin var sett þarna, af því að bóninn vildi gjarnan hafa fjölbreyttari skóg, en einnig vegna þess að styrkir eru meiri til lauftrjáræktar (og hvað minnstir til ræktunar sitkagrenis, sem jafnframt er það hagkvæmasta í dag)².

Eftir heimsókn í Moytira var komið við á veitingastað við ána Shannon áður en haldið var til Dyflinnar. Þar kvöddum við fararstjóra okkar Noel Foley, með gjöfum og góðum óskum.

Föstudagurinn 3. október

Á föstudagsmorgun hittum við annan starfsmann skógarþjónustunnar, Kevin Collins „Forestry Inspector“, sem var leiðsögumaður dagsins og lögðum upp í dagsferð til Wicklow-fjalla suðaustur af Dublin. Þangað leggja margir ferðamenn, sem koma í nokkurra daga borgarferð til Dublin, leið sína, enda er svæðið rómað fyrir náttúrufegurð og menningarminjar. Er komið var til Djöfaldals (Devil's Glen) tók á móti okkur Derek Verso verkefnistjóri „Sculpture in Woodland“ sem kalla mætti högglist í skógi. Þarna í um 250 ha útvistarskógi í umsjá „Coillte“ hafa margir þekktir skúlptúlistamenn unnið að listsköpun úr timbri og náttúruefnum með aðstoð skógarmana og verkfræðinga.


Hinn heimsþekkti írski rithöfundur og Nóbelsverðlauna-hafi í bókmenntum Seamus Heaney, sagði í ræðu í Devil's Glen í nóvember 1988:
"The universe we live in is both active and interactive...no bit of the natural



Uppkvistað sitkagreni grðursett 1989. Reiknað er með að skógrinn verði feldur við 35 ára aldur og til falli um 500 m³ á ha. Áður hefur skógrinn verið grisjaður og eru lístrén, um 500 tré á ha, afgreinuð í tveim dögum upp í 6 m hæð til þess að ná kvistlítum bolviði.



„Various spruces“ „margs konar greni“ eftir Lee Jae-Hyo frá Kóreu.
Mynd: Gísli Karel Halldórsson.



Skógarleifarnar í Djöfugljúfri komast hvað næst því að líkjast upprunalegum skógi Írlands. En einnig höldu fjölmargar tegundir verið gróðursettar á svæðinu, t.d. skoðuðum við 60 ára gamlan, 30 m háan teig af marþöll (Tsuga heterophylla). Mynd: Gísli Karel Halldórsson.

world is more valuable or vulnerable than the tree bit. Nothing is more like ourselves, standing upright, caught between heaven and earth, frail at the extremities yet strong at the central trunk.... (.Alheimurinn sem við búum í er bæði virkur og gagnvirkur ... enginn hluti hins náttúrlega heims er jafn verðmætur og varnarlaus og trjáhlutinn. Og ekkert er líkara okkur sjálfum, sem stöndum upprétt, klemmd milli himins og jarðar, með veikburða limi en jafnframstærkbyggð við stofninn ...) <http://www.sculptureinwoodland.ie/>

Næst var haldið til Glen da lough (Glendalough) „Tveggja vatna dals“. Þar hittum við fyrir fornleifafræðing, Emmet Byrnes³ sem hefur starfað hjá skógarþjónustunni síðan frá því í

ársbyrjun 2003 og er hann fyrsti og eini fornleifafræðingur stofnunarinnar. Staðurinn er magnaður, þróngur dalur sem jökkullinn hefur grafið í granít í nokkrum atrennum, síðast við lok síðustu ísalda fyrir um 12 þúsund árum. Tvö myrk vötn eru afgirt bröttum skógvöxnunum hlíðum. Nokkuð er um málma í berginu, s.s. kvarts, silfur, blý og sink, en málmvinnsla þar á fyrri oldum hefur valdið alvarlegri blýmengun í vötnunum sem enn er til staðar þótt löngu sé allri málmvinnslu hætt. Glen da lough skipar mikilvægan sess í sögu frumkristni á Írlandi. Á sjóttu öld ákvað einn af fyrstu kristnu biskupum Írlands, heilagur Kevin, að byggja þar upp kirkjumiðstöð. Staðurinn varð mikilvæg kirkjumiðstöð og klaustur og

³ spjalli sem höfundar áttu við þá félaga, Kevin og Emmet yfir hádegismatnum kom m.a. fram að til eru kort og fornleifaskrár yfir þekktar fornminjar á Írlandi. Ætli landeigandi sér að hefja skógrækt á svæði þar sem er þekkt fornminjasvæði kemur til kasta Emmet að fara yfir skógræktaráætlun og setja takmarkanir. Vilji landeigandi ekki una tilmælum fornleifafræðings hefur hann engin ráð önnur en að kosta frekari rannsókn á svæðinu. Ef fornleifar finnast óvænt á skógræktarsvæðinu, þá kemur það í hlut hins opinbera að kosta rannsóknir.

byggðist upp fram til 1398 að enskar hersveitir frá Dyflinni náðu nánast að jafna staðinn við jörðu. Áður, á 8.-11. öld, réðust víkingar fjórum sinnum á staðinn og ollu einhverjum spjöllum.

þakkar:

Greinarhöfundar vilja þakka ferðafélögum fimmtíu fyrir ánægjuleg kynni. Sérstaklega ber að þakka þeim sem rituðu dagbók meðan á ferðinni stóð. Ferðalýsingin er að miklu leyti byggð á dagbókar-skrifum þeirra. Þau eru talin í tímaröð: Árni Þórólfsson, Steinar Björgvinsson, Ragnhildur Freysteinsdóttir, Erla Bil Bjarnardóttir, Hólmfríður Geirs dóttir, Sigvaldi Ásgeirsson og Böðvar Guðmundsson. Einnig viljum við þakka leiðsögumanni okkar, Noel Foley, fyrir höfding-legar móttökur og góða skipulagningu á ferð okkar. Þá færum við öðrum írskum gestgjöfum okkar bestu þakkir fyrir frábærar móttökur og gestrisni.

Bílstjóranum Danny Costello er þakkað fyrir að þola háværar söng okkar þennan vikutíma og fyrir að skila okkur heilum á flugvölliinn eftir að hafa þrætt þróngu vegi Írlands.

*Summary in English:
An Icelandic tour of Ireland's forests*

In October 2003 a group of 49 Icelandic foresters, forest farmers and forest enthusiasts made a one-week-long tour of the forests of Ireland under the excellent guidance of Noel Foley, environmental auditor of the Irish Forest Service. Places visited along the tour included Rossmore Forest Park in County Monaghan, Gortin Glen Forest (in County Tyrone), Glenveagh National Park (in Donegal).

Coillte's Killygordon nursery (in Donegal), Union Forest (close to Sligo), Devil's Glen and Glendalough (County Wicklow). In addition visits were made to several private estates in Donegal, where landowners were carrying out afforestation of their land, with different management objectives.

The tour gave an excellent opportunity to compare and contrast forestry, nature and conservation issues in Iceland and Ireland, and to observe the remarkable achievements made during the one century of Irish forestry development. The article gives a brief description of the current status of Irish forestry, an overview of the geology, ecology and history of Irish woodlands and forestry, as well as its interaction with Irish history in general. The article also serves as a travelogue of the tour. Irish forests have increased tenfold in the past century and forestry has become an important factor in the development of the Irish rural economy, both in terms of timber and non-timber benefits of forests. Much can be learned from the Irish experience when developing forestry in Iceland and further contacts should be strengthened between people involved in forestry in the two countries.

Ljósmyndir eru höfunda nema annað sé tekið fram.



Round Tower byggður á 10. öld, 33 m hárr og mesta ummál 16 m. Mynd: Gísli Karel Halldórsson.



Steinkirkja í Glendalough. Mynd: Gísli Karel Halldórsson.

Heimildir:

- Byrne, F.J. 2001: Irish kings and High-Kings. Four Courts Press. Dublin IRL.
- Duffy, S. (Gen. Ed.) 2000: Atlas of Irish history (2. Ed.). Gill & Macmillan. Dublin IRL.
- Harbison, P. 1998: Pre-Christian Ireland (first published 1994). Thames & Hudson. London UK.
- Harris, Nathanniel. 1998: Heritage of Ireland. A history of Ireland & its People. Reed Consumer Books Limited. London UK.
- Haywood, C. 2001: The historical atlas of the celtic world. Thames & Hudson, London UK.
- Helgason, A., Sigurðardóttir, S., Gulcher, J.R., Ward, R. and Stefánsson, K. 2000a. MtDNA and the Origin of the Icelanders: Deciphering Signals of Recent Population History. Am. J. Hum. Genet., 66: 999-1016
<http://www.journals.uchicago.edu/AJHG/journal/issues/v66n3/991226/991226.html>
- Helgason, Sigurðardóttir, S., Nicholson, J., Sykes, B., Hill, E.W., Bradley, D.G., Bosnes, V., Gulcher, J.R., Ward, R. and Stefánsson, K. 2000b. Estimating Scandinavian and Gaelic Ancestry in the Male Settlers of Iceland. Am. J. Hum. Genet., 67:697-717 <http://www.journals.uchicago.edu/AJHG/journal/issues/v67n3/001900/001900.html>
- Llewellyn, M. 1996: The Vikings in Ireland. The O'Brien Press. Dublin IRL.
- Loughrey, P. 1989: The people of Ireland. Applebret Press / BBC. Dublin IRL.
- Mitchell, f. 2000: Where has Ireland come from? Country House. Dublin IRL.
- Magnússon, Sigurður A. 1995. Írlandsdagar. Fjölví, Reykjavík.
- Raftery, B. 1979: Pagan Celtic Ireland. Thames and Hudson. London UK.
- Squire, C 1995: Mythology of the Celtic People (first published 1912). Senate Press. Twickenham UK.
- Wilson, John Foster (ritstjóri) 1997: Nature in Ireland. A Scientific and Cultural History. The Lilliput Press, Dublin IRL.
(Greinasafn 34 höfunda).
- Ýmsir höfundar: Ireland. Lonely Planet Publications.
- Ýmsir höfundar: Code of Best Forest Practice – Ireland. Forest Service. Department of the Marine and Natural Resources. Wexford. 2000.
- The Economist: A survey of Ireland, Oct. 17-22 2004, bls 3-12.
- Peter Bacon & Associates, in association with Deloitte. 2004. A Review and Appraisal of Ireland's Forestry Development Strategy. Final Report, September 2004. <http://www.agriculture.gov.ie/index.jsp?file=pressrel/2004/137-2004.xml>



Komið að leiðarlökum við Djöflagljúfur. Íslensku skógarmennirnir fimmtíu á síðasta degi skipulegrar kynnisferðar um skóga og sögustaði Írlands.
Mynd: Kevin Collins.